

AUGLÝSING

um umferð í Fellabæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og að fengnum tillögum hreppsnefndar Fellahrepps, hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Fellabæ:

Biðskylda:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á þjóðvegi nr. 1, í Fellabæ, frá Lagarfljótsbrú norður að vegamótunum við götuna Smiðjusei.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á þjóðvegi nr. 931, Upphéraðsvegi, frá vegamótum Upphéraðsvegar við þjóðveg nr. 1, í Fellabæ, og suður, að heimkeyrslu að bænum Skipalæk í Fellabæ.

Reglur þessar taka gildi þann 1. ágúst 2000.

Seyðisfirði, 11. júlí 2000.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði,
Helgi Jensson fulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 136/1978 um framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu.

1. gr.

2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar breytast og orðast svo:

Umhverfisráðherra skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum hreppsnefndar Skútustaðahrepps, Landeigendafélags Laxár og Mývatns, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruverndar ríkisins og Verkræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, og skal fulltrúi Náttúruverndar ríkisins vera formaður stjórnarinnar. Skipa skal jafnmarga menn til vara á sama hátt.

Stjórn stöðvarinnar skal skipuð að afloknum hverjum alþingiskosningum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. gr. laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júlí 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Stefánsdóttir.